

**68. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í Garðakaffi,
26. mars 2019 og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Ólafur Páll Gunnarsson formaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Helga Kristín Björgolfsdóttir aðalmaður, Ingþór B. Þórhallsson aðalmaður, Guðmundur Claxton aðalmaður, Jónella Sigurjónsdóttir fulltrúi Hvalfjarðarsveitar og Ella María Gunnarsdóttir forstöðumaður menningar- og safnamála.

Fundargerð ritaði: Ella María Gunnarsdóttir, forstöðumaður menningar- og safnamála.

Fyrir tekið:

1. 1902094 - Bíöhöllin - samningur 2019

Forstöðumaður stýrir umræðum um samning um rekstur Bíóhallarinnar á Akranesi. Leigutaki verður boðaður á fundinn undir þessum lið. Gert er ráð fyrir 40 mínútum í dagskráliðinn.

Forstöðumaður stýrði umræðum um núverandi rekstur í húsnæðinu og möguleika í framtíðar rekstri hússins. Starfsemin í húsinu gegnir bæði mikilvægu hlutverki í menningarlífí bæjarbúa og eykur hróður bæjarins út á við og því mikilvægt að tryggja áframhaldandi starfsemi Bíóhallarinnar.

2. 1903160 - Samstarfssamningur Héraðsskjalasafna

Héraðsskjalavörður kynnir samstarfssamning héraðsskjalasafna sem er lagður fram til samþykktar nefndarinnar. Gert er ráð fyrir 30 mínútum í dagskráliðinn.

Starfsmaður Héraðsskjalasafns Akraness kom á fund og svaraði spurningum nefndarmeðlima. Nefndin samþykkir fyrirlagðan samning.

3. 1903144 - Viðhaldsframkvæmdir 2019

Forstöðumaður kynnir stöðu viðhaldsframkvæmda safnsins á árinu 2019.

Forstöðumaður upplýsti nefndarmeðlimi um stöðu viðhaldsframkvæmda og að þær hafi verið umfangsmeiri og kostnaðarsamari en gert var ráð fyrir í upphafi vegna ófyrirséðra ástæðna. Óskað var eftir viðbótarfjármagni til að ljúka við löngu tímabært viðhald.

4. 1709091 - Staða verkefna í byggðasafni, bókasafni og héraðsskjalasafni - 2017 og 2018

Forstöðumaður kynnir stöðu verkefna á Byggðasafni og gengið verður um safnhús.

Forstöðumaður kynnti stöðu verkefna á Byggðasafni og gekk með nefndarmeðlimi um safnhús.

5. 1812034 - Styrkir vegna menningar- og íþróttamála 2019

Forstöðumaður leggur fram eina styrkumsókn til endurskoðunar eftir afgreiðslu nefndarinnar þann 7. janúar 2019.

Styrkumsókn var endurskoðuð og ákveðið að styrkja verkefni.

6. 1901099 - Bókasafn framtíðarinnar

*PMH
JP*

Forstöðumaður kynnir stöðu verkefnisins og næstu skref.

Lagt er til að vinnustofa nefndar og starfsmanna bókasafns fari fram miðvikudaginn 1. maí eða í tvennu lagi 2. og 6. maí. Forstöðumanni falið að kanna málið með hlutaðeigandi aðilum. Mögulega verður þörf á að fresta vinnustofu fram yfir sumarleyfi.

7. 1901344 - Menningar- og safnamál - Starfsáætlun 2019

Forstöðumaður leggur fram tillögu að starfsáætlun málafloksins 2019

Erindi frestað til næsta fundar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:00.



Helga Kristín Björnólfssd.

Jónella Sigríðs Ólafsson

Ingaðar R. Þórðarsdóttir

Gunnar Ólafsson

Gertsmundur Ólafsson

Ela Þóra Guðrúnardóttir